

er það kallað landamerkjámál, en þegar áfrýjunarleyfið var útgefið voru liðin meira en 2 ár frá dómsuppsögn, en með því að svo er fyrir mælt í 15. gr. landamerkjalaganna að ekki megi veita áfrýjunarleyfi eftir að 12 mánuðir eru liðnir frá uppsögn merkjadóms og ákvæði þetta gildir jafnhliða 28. gr. hæstarrjettarlaganna sbr. síðari lið 26. gr. laganna, brast heimild til að veita leyfi til áfrýjunarinnar, og verður því ex officio að vísa máli þessu frá rjettinum.

Þar eð ekki hefir verið mætt í máli þessu af stefndra hálfu fellur málskostnaður niður.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu visast frá hæstarjetti. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 4. apríl 1927.

Nr. 15/1927. **Rjettvísinn** (Pjetur Magnússon)
gegn

Jóni Hirti Jónssyni (Svb. Jónsson).

Brot skv. 206. sbr. 209. gr. hgl.

Dómur aukarjettar Hafnarfjarðarkaupstaðar 11. desbr. 1926: Jón Hjörtur Jónsson, verkamaður til heimilis á Krosseyrarvegi nr. 8 í Hafnarfirði, greiði í ríkissjóð kr. 100,00 í sekt innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella 10 daga einföldu fangelsi í stað sektarinnar. — Honum ber og að greiða allan af málinu og undanfarandi rannsókn löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar á meðal 75 krónur til skipaðs talsmanns hans, lögm. Gunnars E. Benediktssonar í Reykjavík.

Loks ber og ákærðum að bæta ökunum Jóhannesi Sveinsyni, til heimilis á Merkur götu nr. 9 í Hafnarfirði, eftir óvilhallra manna mati, upp lækningarkostnað og atvinnumissir, er hann hefir

bedið út af slysi því, er hann varð fyrir 17. maí þ. á., og hann ekki fær bættan samkvæmt gildandi slysatryggingarlögum, og ennfremur greiði hann honum 500 kr. fyrir þjáningar þær, sem hann hefir tekið út og fyrir óþægindi þau, lýti og óþrýði, er leiða af skaða þeim, er hann hefir bedið.

Skadabætur ídæmdar og þóknun ber ákærða að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, og einnig frá matsbirtingu.

Að öðru leyti ber að fullnægja dómnum að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Í vottorði dags. 28. f. m., er lagt hefir verið fram í hæstarjetti, hefir læknir sá, er stundað hefir Jóhannes Sveinsson, meðal annars lýst svo meiðslum hans, að höndin sjálf og fingurnir sju enn mjög máttlitlir og að hann geti ekki notað höndina við nokkurt það starf, sem fingranna þurfi við sjerstaklega, og þar eð maður þessi sje orðinn fullorðinn, um sjötugt, býst læknirinn ekki við að nein bót verði á þessu í framtíðinni.

Að þessu athuguðu verður að telja meiðsl þau, er Jóhannes hefir hlotið, falli undir 206. gr. hinna almennu hegningarlaga, og með því að meiðsl þessi hafa hlotist af gáleysi ákærða er brot hans af undir-dómaranum rjettilega heimfært undir 209. gr. sömu laga. Þykir hegning sú, er ákærði hefir tilunnið, hæfilega ákveðin 14 daga einfelt fangelsi.

En þar sem ákærði hefir ekki áður sætt hegningu fyrir neitt lagabrot og hann hafði nokkra ástæðu til þess að ætla að Jóhannes mundi biða utan brautarinnar þar til einnig hinn síðari vagn væri kominn fram hjá, þykir mega ákveða samkvæmt 1. gr. laga nr. 39, 16. nóv. 1907 að fullnustu refsingarinnar skuli fresta og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef ákærði fullnægir lögmæltum skilyrðum.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi hefir Jóhannes Sveinsson gjört kröfu til bóta fyrir tjón það, er hann hefir beðið við meiðslin, en með því að ekki liggja fyrir í málinu neinar upplýsingar um legukostnað og læknishjálp og enn er óákveðið hvaða örorkubætur honum verða ákveðnar frá slysa-tryggingu ríkisins, verða honum í þessu máli eigi dæmdar bætur fyrir lækningarkostnað eða atvinnu-missi, en hins vegar má samkvæmt 303. gr. hegningarlaganna dæma honum þóknun fyrir þjáningar þær og líkamslýti, er hann hefir orðið fyrir, og ákveðst hún 300 kr.

Um málskostnað í hjerði á aukarjettardóminum að vera óraskað. Svo greiði ákærði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 150 kr. til hvors.

Við meðferð málsins í hjerði athugast, að rannsóknardómarinn hefir ekki útvegað álit hjerðs-læknisins um meiðslin og að vörn talsmanns ákærða hefir eigi verið færð inn í dómsgjörðirnar.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði, Jón Hjörtur Jónsson, sæti 14 daga einföldu fangelsi, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef hann heldur skilorð laga nr. 39, 16. nóv. 1907.

Ákærði greiði Jóhannesi Sveinssyni 300 kr. fyrir þjáningar og líkamslýti, er leitt hafa af meiðsli því, er hann hefir orðið fyrir, en sje að

svo stöddu að öðru leyti sýkn af skaðabótakröfum hans í máli þessu.

Ákvæði aukarjettardómsins um málskostnað í hjeraði skal óraskað. Svo greiði ákærði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, hæstarjettarmálflutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Sveinbjörns Jónssonar, 150 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjada dóms hljóða svo:

Mánudaginn 17. maímánaðar þ. á. er ökumaður Jóhannes Sveinsson, til heimilis á Merkurötu nr. 9 í Hafnarfirði, var á leið niður sporbraut þá, er liggur frá fiskverkunarreit firmans Hellyer Brothers á „Vidistadabala“, niður að fiskþvottahúsum við sjóinn, slepti ákærður, Jón Hjörtur Jónsson, verkamaður, til heimilis á Krosseyrarvegi nr. 8 hjer í bænum, sem er 27 ára að aldri, og eigi áður hefir sætt ákæru eða hegningu fyrir neitt lagabrot, tómunum sporvagni niður sporbrautina, og lenti vagn þessi á hesti þeim, er fyrgreindur Jóhannes teymdi lausan, og hrökk maður þessi við það út af sporbrautinni eða sporbrautarstæðinu, langa leið niður í stórgrýti, sem þar var fyrir, og meiddist hann mjög við byltu þessa, eða þannig, að vinstri handleggur fór úr liði um úfliðinn og liðaendar stóðu út úr skinninu, og einnig fjekk hann margar smáskeinar hingað og þangað um líkamann, og eunfremur rifbrotnaði hann, en hest hans sakaði eigi að því er virðist. — Það hefir eigi orðið fyllilega upplýst, hvort vagninn, er hann lenti á hesti Jóhannesar, hafi einnig komið við hann sjálfan og hent honum út af brautinni, eða að hesturinn hafi hrokkið þannig til á mann þann, er fyrir slysinu varð, að hann hrökk út af brautarstæðinu, en þetta virðist einu gilda.

Hagar þannig til, með flutning um sporbraut þessa, að fiskur og annað er flutt er eftir brautinni á sporvögnum, sem fyrst er ýtt uppeftir með handafli, eða eftir neðri hluta brautarinnar, en síðan dregnir af hesti upp að fyrgreindum fiskverkunarreit á

„Viðistaðabala“, en svo eru vagnarnir tæmdir látnir renna niður eftir sporinu sjálfhala, þar til við þeim er tekið nedarlega á brautinni af 2mur piltum, er svo fylgja þeim inn í fiskþvotta-húsin niður við sjóinn, og eiga piltar þessir einnig að sjá um, að fólk aðkomandi eigi fari inn á brantina á þeim hluta hennar, er liggur frá húsum þessum upp að svonefndu „Neðra-Klifi“, en þegar vögnunum er hleypt að ofan og niður eftir, hefir af yfir- verkstjóranum verið lagt svo fyrir þá, er umsjón hafa með vögnum þar uppfrá, að sleppa þeim eigi fyr niðureftir, en á skifti- sporinu á neðri fiskreitarkantinum, hvaðan sjest yfir sporbraut- ina alla leið niður að fyrgreindu klifi, og hefir svo verið tilæt- last, að hvorki sá, er flytur vagnana uppeftir eða hestur hans væru á brautinni frá fiskreitnum niður að oftgreindu klifi, og þá ætlast svo til, að maður og hestur, er vögnunum er slept niður- eftir, sju annaðhvort uppfrá, þar sem tekið er við vagninum af ökumanni eða þá við ofangreint „Neðra-Klif“, þar sem fyr- umgetnir piltar taka við lausu vögnunum að ofan og fylgja þeim svo aftur, en þó komi það fyrir, samkvæmt skýrslu yfirverkstjór- ans, að maður og hestur fari út af brautinni nokkru ofar en við klif þetta, eða við holt eða bala á milli fiskreitsins og klifsins, en þó eigi nema um það hafi verið talað við ökumann áður en hann leggur af stað að ofan, eigi að sleppa vögnum niður á eftir honum, þar brautarstæðið á fyrgreindu svæði sje víða svo mjótt eða þröngt, að eigi sje óhætt að vera þar utan við sporið, er vagn renni eftir því niðureftir, eða að minsta kosti ekki með hest með sjer, en það var á svæði þessu á brautinni, að slys það varð, er fyr greinir.

Áður en ákærður slepti sporvagni þeim niður brautina, er orsakaði umrætt slys, hafði fyrnefndur ökumaður, er fyrir slysinu varð, tilkynt ákærdum, er þá hafði umsjón með vögnum þar uppi á fiskreitnum, að það vantaði kerrur eða vagna niðureftir, eða um leið og hann afhenti vagn þann, er hann kom með þá upp- eftir, og kvedst þá ákærður hafa sagt við Jóhannes, að ein kerra væri laus uppi á spori á fiskreitnum, og verkamaður Gísli Her- mann Guðmundsson, er með ákærdum var þá, sagt að það væru 2 vagnar lausir uppfrá, annar inni í húsi þar á reitnum, en hinn uppi á skiftispori ofan til við miðjan fiskreitinn, og hafi Jóhannes heyrt þetta, og ákærður kvedst hafa sagt við Jóhannes, að þeir þá sendu kerrurnar niðureftir, en ökumaður kvedst hvorugan þeirra hafa heyrt taka það fram, að þeir sendu 2 vagna niður-

eftir, heldur hafi þeir aðeins minnst á það, að 2 vagnar væru uppfrá.

Kveðst svo Jóhannes hafa sagt við menn þessa, að hann biði við klettinn þar nokkru neðar þar til vagninn kæmi, og lagt svo af stað niðureftir brautinni, og síðan beðið á stað þessum við brautina þar til vagninn rann áfram án þess að saka hann eða hestinn, og svo beðið enn þá nokkrar mínútur þarna, ef vera kynni að öðrum vagni yrði hleypt niður, enda þótt ekki hefði verið gjört beint ráð fyrir því áður en hann lagði af stað niðureftir, en er hann hefði beðið 4—6 mínútur á að giska, hefði honum komið til hugar, að úr því væri ekki að vænta fleiri vagna á eftir honum, en er hann hafi verið kominn skamt niður fyrir klettinn, kveðst hann ekki hafa vitað fyr en vagn kom á eftir honum eftir brautinni, og kveðst hann þá hafa fleygt taumunum á hestinum, og svo ekki vitað fyr en að hann hentist út af brautinni, og hyggur hann að vagninn hafi fyrst lent á hestinum og síðar á honum sjálfum, og hann svo hrokkið út af brautinni þess vegna. — Segir hann að veður hafi verið þennan dag allmikið af suðaustri, og hann þess vegna haft band um hattinn, og því ekki heyrt til vagnsins fyr en hann var rjett hjá honum, og hann heldur eigi átt von á vagni á ofan.

Ákærður hefir kannast við að hann hafi slept fyrgreindum 2mur vögnum áður en slysið varð, á þeim stað, sem það eigi sje venjulegt, heldur upp á fiskreitnum, hvaðan aðeins sjáist yfir brautina niður að stórum klettum fyrir neðan beygju á henni, en að hann ekki aðgætti hvar Jóhannes var á eða við brautina þegar hann slepti seinni vagninum, segir hann að stafi af því, að hann hafi gengið sjálfur út frá því sem vissu, að Jóhannes ætti einnig von á þeim vagni eða kerru eins og hinum fyrri, og myndi vara sig á henni, þar sem hann áður hefði verið búinn að tilkynna honum, að báðir vagnarnir yrðu sendir niðureftir.

Rjett á eftir að ákærður slepti vagninum, sá fólk, er var við vinnu í húsi þar á reitnum, vagninn renna niðureftir sporbrautinni og oftnefndan Jóhannes þá einnig á henni með hest sinn, og kallaði þá flokkstjórinn þar uppfrá, Jón Ólafsson, til ákærða, sem þá var á leið frá skiftisporinu á fiskreitnum upp að fyrgreindu húsi, að svo væri, en ákærður kveðst eigi hafa heyrt hann kalla, enda þá ofseint að hlaupa eftir vagninum og stöðva hann, og hann sjálfur í þungum vinnufatnaði og síðum oliustakk, en jafnskjótt og Jóhannes sást hverfa út af brautinni, hljóp ákærður ásamt öðrum þar á fiskreitnum niðureftir, og fundu þeir þá

mann þennan standandi upp við stein þar niðri við brautina, eða hann var þá að skreidast á fætur, og hafði hann þá orð á því við þá, að það væri slæmt að sleppa kerrunni svona. — Var hann svo leiddur eða studdur heim til sín, og var hann svo lengi rúmfastur og undir stöðugri umsjón læknis og hjúkrunarkonu og er enn þá lasburða mjög. — Ákærður tilkynti slysið þegar yfirverkstjóra og leitadi læknis.

Með því að þessu er nú þannig varið, og að ákærður hefir undir rannsókninni kannast við, að honum hafi verið vel kunnugt um þá tilhögun þar á sporbrautinni, að sleppa eigi vögnum þeim, er fara áttu lausir niðureftir henni fyrir en frá skiftisporinu við neðri fiskreitarkantinn, hvaðan sjest yfir sporbrautina alla þá leið, er fyrnefndur ökumaður fór um á sporbraut þessari, eða þangað, sem tekið var við vögnunum, og upplýst er, að hann hafi í þess stað slept vagni þeim, er orsakaði slysið, þegar uppi við miðjan fiskreitinn, hvaðan hann ekki gat sjeð yfir sporbrautina, nje heldur, er hann slepti seinni vagninum, sá mann þann, er fyrir slysinu varð, en hafði þó sjeð hann, er hann slepti þeim fyrri, eða nokkrum mínútum áður, og loks ekkert það er framkomið undir rannsókninni, er bendi til þess, að honum hafi borið nokkur nauðsyn til þess að sleppa vagninum frá sjer þarna fremur en á þeim stað, er til var ætlast, og hvaðan hann, áður en hann slepti vagninum, gat fullvissað sig um, hvar ökumaðurinn ásamt hesti hans þá var staddur, og hagað sjer eftir því, virðist hann með þessu gáleysi sínu hafa orsakað fyrirumgetið slys, og þannig gjörst brotlegur gegn 209. gr. hinna almennu hegningarlaga, sbr. 206. gr. sömu laga.

Virðist hegning sú, er hann hefir tilunnið fyrir þetta brot sitt, hæfileg 100 kr. sekt, er renni í ríkissjóð, og greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella 10 daga einföldu fangelsi í stað sektarinnar. — Einnig ber honum og að greiða allan af máli þessu og undanfarandi rannsókn löglega leiðandi og leiddan kostnað, þar á meðal 75 krónur til skipaðs talsmanus hans, lögmanns Gunnars E. Benediktssonar.

Þá ber og að taka til greina framkomna kröfu hins slasaða manns, ökumanns Jóhannesar Sveinssonar, um að ákærður bæti honum allt það tjón, eftir mati óvilhallra manna, er hann hefir orðið fyrir út af slysi þessu, og hann eigi samkvæmt gildandi slysatryggingarlögum fær bætt, eða að hann þannig, samkvæmt 303. gr. hegningarlaganna bæti honum upp lækningarkostnað og atvinnumissir, og ennfremur gjaldi hann fyrnefndum manni, með

hlíðsjón af hinni tilvitnuðu lagagrein, 500 kr. fyrir þær þjáningar, sem hann hefir tekið út, og fyrir óþægindi þau, lýti og óþryði, er leiða kann af skaða þeim, er hann hefir beðið.

Það vottast, að rekstur málsins í hjerði hafi verið lögmætur.

Midvikudaginn 6. apríl 1927.

Nr. 59/1926. **Gunnar Þórðarson** (Guðm. Ólafsson)
gegn

Ásgeiri Ólafssyni (B. P. Kalman).

Útaf spurningu um ábyrgð.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 2. júní 1926:
Stefndur, Ásgeir Ólafsson, á að vera sýkn af kröfum stefnandans,
Gunnars Þórðarsonar, í þessu máli. — Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, er greinir í hinum áfrýjaða dómi og ekki hefir verið hnekt í verulegum atriðum undir rekstri málsins í hæstarjetti, þykir rjett, þar sem áfrýjandi, Gunnar Þórðarson, er látinn, að láta úrslit málsins, samkvæmt varakröfu Guðm. Ólafssonar hrmflm. f. h. skiftanefndar í búi áfrýjanda, velta á eiði stefnda þannig, að stefndi skuli vera sýkn af kröfum skiftanefndar í búi áfrýjanda, ef hann staðfestir það með eiði á varnarþingi sínu innan mánaðar frá uppsögn dóms þessa, að svo hafi samist milli hans og annars manns annarsvegar og Gunnars heitins Þórðarsonar hinsvegar í janúarmánuði 1923, að verslunarfjelagsskapur sá, er þeir þrimenningar stofnuðu sín á milli með samningi 16. maí 1922, skyldi falla niður og Gunnar einn bera alla ábyrgð á versluninni upp frá því en stefndi og hinn fjelag-